

Fundargerð 197. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 7. febrúar 2018
Fundartími: 13:30 – 16:45
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Margrét Jónsdóttir
Svanhvít Hermannsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Rósa Matthíasdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Samþykkt að bæta inn í dagskrána lið 20. Önnur mál: a) Reglur um um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi. og b) Næsti fundartími sveitarstjórnar Flóahrepps. Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 148, dags. 11.01.2018

a) Galtastaðir lnr. 198977: Veglagning og vatnslögn: Framkvæmdaleyfi – 1801011

Lögð fram umsókn Isavia ohf. dags. 14. desember 2017 um framkvæmdaleyfi fyrir veglagningu og vatnslögn í landi Galtastaða í samræmi við deiliskipulag svæðisins.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að framkvæmdaleyfi verði gefið út í samræmi við fyrirbyggjandi gögn enda í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Árheimar (áður Hólmasel 2) lnr. 225221: Deiliskipulag – 1708068

Lagt fram að lokinni kynningu skv. 4 mgr. 40 gr. skipulagslaga tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 14,4 ha spildu úr landi Hólmases 2. Er heildarstærð landsins 58,1 ha og er það skráð sem lögbyli og gert ráð fyrir að nafn þess verði Árheimar. Var tillaga kynnt með auglýsingu sem birtist 7. desember 2017. Fyrir liggur umsögn Vegagerðarinnar auk athugasemdar frá eigendum Selparts. Til að koma til móts við athugasemd er deiliskipulagið lagt fram með þeirri breytingu að ekki er gert ráð fyrir nýjum skurði á mörkum við Selpart og heldur ekki nýjum þverskurði 15 m frá Villingaholtsvegi.

Afgreiðslu frestað og skipulagsfulltrúa falið, ásamt oddvita Flóahrepps, að funda með umsækjendum um framhald málsins.

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Drög að lagafrumvarpi um lögheimili – 1801027

Lagt fram til kynningar frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um lögheimili og aðsetur.

Að mati skipulagsnefndar eru ákvæði um að heimila megi skráningu lögheimilis í frístundahúsum varhugaverð og í ósamræmi við ákvæði gr. 6.2. lið h í skipulagsreglugerð um að föst búseta í frístundabyggð sé óheimil. Þetta opið ákvæði felur líka í sér ákveðna hættu á ósamræmi í ákvarðanatöku milli sveitarfélaga varðandi hvernær skynsamlegt sé að leyfa lögheimilisskráningu í frístundahúsum og hvaða forsendur lagðar eru til grundvallar leyfisveitingu. Þá skapast einnig ákveðin hættu á að ákvarðanir um að heimila lögheimli í frístundabyggð byggist á persónulegum og fjárhagslegum högum viðkomandi umsækjenda. Varðandi heimild til að skrá lögheimli í iðnaðar- og atvinnuhúsnæði að þá er ákveðin hættu á að verið sé að minnka kröfur varðandi það hvað telst viðunandi íbúðarhúsnæði. Í dag er mikil vöntun á húsnæði fyrir starfsmenn og með því að rýmka reglur með þessum hætti er jafnvel verið að réttlæta nýtingu óviðunandi húsnæðis fyrir starfsmenn og koma í veg fyrir

að atvinnurekendur komi sér upp almennilegu húsnæði fyrir starfsmenn. Skipulagsnefnd leggst alfarið gegn ákvæðum um lögheimlisskráningu í frístunda- og iðnaðarhúsnæði.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir bókun skipulagsnefndar með 4 atkvæðum. (Árni Eiríkson, Margrét Jónsdóttir, Sigurbára Rúnarsdóttir, Svanhvít Hermannsdóttir.)

Bókun Rósu Matthíasdóttur:

Ég hef ávalt lýst þeirri skoðun minni að stjórnvöld eigi ekki ákveða fyrir fólk hvar það megi skrá lögheimili sitt, svo fremi sem húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til íbúðarhúsnæðis og það hafi verið tekið út af þar til gerðum eftirlitsstofnunum.

d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 70 – 1801001F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. janúar 2018.

Bent er á varðandi lið 16 í fundargerðinni að Dalsmynni, lóð 6 er ekki í Flóahreppi. Varðandi bókun um Mosató í lið14, þyrfti að koma skýrar fram í bókuninni um hvaða byggingu er að ræða.

Samþykkt með 5 atkvæðum

2. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 149, dags. 25.01.2018

a) Hróarsholt 2 lóð A lnr. 205114: Hróarsklettur: Breytt heiti lóðar – 1801058

Lögð fram umsókn Þráins Sigurbjörnssonar dags. 18. janúar 2018 um breytingu á heiti lands sem í dag er skráð Hróarsholt lóð 2A (lnr. 205114). Er óskað eftir að landið sem er skráð lögbyli fái nafnið Hróarsklettur. Fyrir liggur samþykki Örnefnanefndar á nafninu sbr. bréf dags. 21. janúar 2013.

Þar sem fyrir liggur nafntökuleyfi frá Örnefnanefnd sem búið er að þinglýsa gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við breytingu á heiti landsins

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Breiðholt land: Umsókn um byggingarleyfi: Skemma óeinangruð – 1801023

Lögð fram umsókn Jóns Valgeirs Geirssonar og Rúnars Más Geirssonar dags. 5. janúar 2018, um byggingarleyfi fyrir 339 fm óeinangraðri skemmu á landinu Breiðholt land (lnr. 204502) Aðkoma að landinu er um land Lyngholts og Ástúns sem er í eigu Jóns og Rúnars. *Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að umsókn um byggingarleyfi verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa þar sem hún er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í húsapyrpingu í dreifbyli sbr. ákvæði 44. gr. skipulagslaga. Ekki er talin þörf á gerð deiliskipulags eða að grenndarkynna umsóknina. Mælt er með að þinglýst verði kvöð um aðgengi að skemmuni á þau lönd sem aðkomuvegur fer um.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir bókun skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Loftstaðir – Vestri lnr. 165512: Ferðapjónusta: Tjöld og þjónustuhús: Deiliskipulag – 1712001

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 2 ha svæðis á bæjartorfu jarðarinnar Loftstaðir–Vestri. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir byggingu allt að 120 fm þjónustuhúss og uppbyggingu allt að 8 tjalda sem eru á bilinu 22 – 48 fm að stærð til útleigu. Þá er einnig gert ráð fyrir stækkun núverandi íbúðarhúss.

Í gildandi aðalskipulagi fyrir svæðið kemur fram að heimilt sé að vera með minniháttar ferðapjónustu ef um aukabúgrein er að ræða. Í ljósi þess að enginn búskapur eða önnur starfsemi er á jörðinni telur nefndin deiliskipulagið ekki í samræmi við aðalskipulagið. Þá telur nefndin einnig að um sé að ræða nokkuð umfangsmikla starfsemi í illa hljóðeinangruðum gistirýmum sem er of nálægt landamörkum aðliggjandi jarðar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að hafna fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi á grundvelli bókunar skipulagsnefndar hér að ofan.

d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 71 – 1801004F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. janúar 2018.

3. Menningarnefnd Flóahrepps – erindi frá Iðunni Ýr Ásgeirsdóttur

Lagður fram tölvupóstur dags. 13.01.2018 frá Iðunni Ýr Ásgeirsdóttur þar sem hún óskar eftir lausn frá störfum í Menningarnefnd Flóahrepps af persónulegum ástæðum.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi beiðni og felur Stefáni Geirssyni varamanni í menningarnefnd að taka sæti í nefndinni. Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að fela Rósu Matthíasdóttur formennsku Menningarnefndar Flóahrepps.

- 4. Stofnun lögbýlis Skálatjörn – umsögn sveitarstjórnar Flóahrepps**
Lögð fram umsókn Helenu Hólm íbúa í Skálatjörn, um umsögn sveitarstjórnar Flóahrepps vegna lögbýlisumsóknar á búgarðslóð nr. 010101 lnr. 213792 í Skálatjörn. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlisins. Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 5. Erindi frá leigjendum í Gömlu Þingborg – viðhaldsverkefni í eldhúsi**
Margrét Jónsdóttir vikur af fundi við afgreiðslu erindisins. Lagt fram erindi frá leigjendum í gömlu Þingborg þar sem óskað er eftir heimild til lagfæringa í eldhúsi hússins. Meðfylgjandi kostnaðaráætlun hljóðar upp á kr 64.500. Sveitarstjórn samþykkir erindið með 4 atkvæðum.
- 6. Persónuvernd – skref fyrir skref**
Lagt fram fylgiskjal með bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um persónuvernd. Í skjalinu er mælt með því að sveitarfélög setji saman teymi til þess að stýra vinnu við undirbúning á gildistöku nýrra persónuverndarlaga 25. maí 2018. Bent er á að skylda hvílir á öllum opinberum stofnunum þ.m.t. sveitarfélögum að ganga frá skipun persónuverndarfulltrúa. Þá er einnig er gert ráð fyrir að sveitarfélög semji verklagsreglur um persónuvernd og setji sér persónuverndarstefnu. Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra og starfsmönnum á skrifstofu Flóahrepps að skoða og skrá hvers konar persónuupplýsingum er verið að safna og hvort lagagrundvöllur sé fyrir söfnun þeirra. Við kortlagningu þarf að kanna hvort varsla og vinnsla upplýsinga sé í samræmi við núgildandi lög. Einnig þarf að fara fram greining á hugsanlegum úrbótum miðað við nýja löggjöf. Sveitarstjóra falið að setja sig í samband við SASS og nágrannasveitarfélög varðandi hugsanlegt samstarf um persónuverndarfulltrúa. Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 7. Skoðun á mögulegri hitaveitu í Flóaskóla – áætluð vatnsnotkun**
Lagt fram minnisblað frá Tæknisviði Uppsveita þar sem fram kemur áætluð vatnsnotkun fyrir húsnaði Flóaskóla á Villingaholti. Lagt fram til kynningar.
- 8. Gjaldskrá Félagsheimilanna í Flóahreppi 2018 – staðfesting sveitarstjórnar**
Lögð fram til staðfestingar endurskoðuð gjaldskrá félagsheimilanna í Flóahreppi fyrir árið 2018. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána með 5 atkvæðum.
- 9. Samkomulag um uppgjör Flóahrepps við Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga vegna breytinga á A-deild**
Fyrir liggur tölvupóstur frá Lánasjóði sveitarfélaga þar sem fram kemur að afgreiðslu á lánum til sveitarfélaganna vegna Brúar lífeyrissjóðs seinkar um mánuð. Boðið er skammtímalán til þess að brúa þetta bil. Fyrir liggja einnig upplýsingar um útreikninga á hlutfalli Flóahrepps vegna samstarfsverkefna. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að greiða í einu langi beint til SASS sinn hlut vegna samstarfsverkefna þar með talið hlut HES í samræmi við ákvarðanir annarra sveitarfélga á starfssvæðinu. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram. Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 10. Viðbragðsáætlun almannaþinganna samfélagsleg áföll – langtíma viðbrögð Flóahrepps**
Lögð fram drög að langtíma viðbragðsáætlun almannaþinganna við samfélagslegum áföllum í Flóahreppi. Sveitarstjórn samþykkir framlagða áætlun með 5 atkvæðum og felur sveitarstjóra að undirrita hana f.h. Flóahrepps.
- 11. Stefna Flóahrepps og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni**
Lögð fram stefna Flóahrepps og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir áætlunina með 5 atkvæðum.
- 12. Samstarfsverkefni Flóahrepps og Árborgar**
a) Lagt fram erindi frá Árna Eiríkssyni, Margéti Jónsdóttur og Sigurbáru Rúnarsdóttur. Í erindinu er lagt til, í ljósi jákvæðrar umræðu á fundi kjörinna fulltrúa þessara sveitarfélaga 1. febrúar. 2018, að sveitarfélögin Árborg og Flóahreppur skoði möguleika á frekara

samstarfi sín á milli. Farið verði yfir þá samninga sem í gildi eru um samstarfið eins og það er í dag. Æskilegt er að við þá skoðun verði horft sérstaklega til velferðar- og lýðheilsamála með það að markmiði að tryggja sem best að aðgengi íbúa að þjónustu tengdri þeim málaflokkum verði sambærilegt í báðum sveitarfélögum. Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Bókun Svanhvítar Hermannsdóttur og Rósu Matthíasdóttur:

Rósa Matthíasdóttir sat fyrir hönd T listans fund sem sveitarfélagið Árborg boðaði til þann 1. febrúar s.l. Farið var yfir þau samstarfsverkefni sem sveitarfélögin Árborg og Flóahreppur eiga í. Það er skoðun fulltrúa T listans að áhugavert sé að skoða frekari eflingu samstarfs milli sveitarfélaganna og hvaða leiðir séu færar til þess, íbúunum til hagsbóta

- b) Lagt fram erindi frá Sveitarfélaginu Árborg þar sem óskað er eftir því að mörk sveitarfélaganna verði færð í samræmi við meðfylgjandi gögn „Tillaga að breyttum sveitarfélagsmörkum milli Árborgar og Flóahrepps unnin af Betterrínu Arkitektum, dags 18.12.2017“ og voru afgreidd á fundi bæjarráðs Árborgar 11. janúar 2018. Um er að ræða 1,62 ha svæði innan sveitarfélagamarka Flóahrepps, sem sveitarfélagið Árborg óskar eftir að verði hluti af íbúabyggð á Selfossi.

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar erindinu til Skipulagsnefndar Uppsveita til umfjöllunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Orkugerðin – staða mála

Lagt fram til kynningar erindi Almars Sigurðssonar Lambastöðum þar sem ítekaðar eru ábendingar vegna lyktarmengunar og óskir um bætta umgengni við Orkugerðina.

Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps:

Orkugerðin í Hraungerði er fyrirtæki í eigu Sorpstöðvar Suðurlands (sem er í eigu sveitarfélaganna á Suðurlandi) og sláturleyfishafa. Með stofnun hennar var stigið mikilvægt skref til þess að fullnýta afurðir kjötframleiðenda og koma í veg fyrir stórfellda urðun lífrænna efna. Þar fer fram fullvinnsla á hráefni sem hefur getið sér mjög gott orð við landgræðslu, skógrækt og framleiðslu á lífrænu eldsneyti. Fyrirtækið gegnir því mikilvægu hlutverki í matvælaframleiðslu og landgræðslu á Suðurlandi, og er síðasti hlekkurinn í vinnslu á landbúnaðarafurðum af þessu svæði.

Umræða sem skapast hefur vegna þess að ítrekað hefur orðið vart við lyktarmengun og mistök við frágang utanhúss sýnir veikleika í gæðakerfum starfseminnar. Algert skilyrði er að þegar bilanir verða eða röskun á starfseminni þá sé hlutunum komið í lag áður en starfsemi er haldið áfram. Sveitarstjórn Flóahrepps ítrekar við eigendur Orkugerðarinnar mikilvægi þess að starfsemi Orkugerðarinnar sé komið í viðundandi horf, mönnun fyrirtækisins sé fullnægjandi og að eigendur fyrirtækisins séu meðvitaðir um vaxandi óánægju íbúa í nærsamfélagi þess vegna óviðunandi ástands á undanförunum árum. Sveitarstjóra falið að senda bókunina á eigendur Orkugerðarinnar og SASS.

Samþykkt með 5 atkvæðum

14. Undirbúningur sveitarstjórnarkosninga 2018

Lagt fram erindi frá Árna Eiríkssyni varðandi undirbúning og framkvæmd sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018. Gerð er tillaga um að kjörstaður sveitarfélagsins vegna sveitarstjórnarkosninga verði í húsnaði Flóaskóla. Sveitarstjóra falið að vera í samráði við kjörstjórn og skólastjóra Flóaskóla vegna þess.

Einnig lögð fram tillaga um að framlag til framboðslista vegna undirbúnings kosninga verði kr. 90.000. Auk þess verði listunum boðinn styrkur sem samsvarar húsaleigu vegna tveggja stærri funda og auk þess afnot að minni sölum í samráði við húsverði.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Flóaljós

Lögð fram gögn merkt A1, A2 og A9 þar sem fram koma hugmyndir að fyrirkomulagi á samskiptum og ábyrgð aðila á framkvæmdatíma og við frágang verkefnis, hugsanlegar breytingar og úrlausn ágreiningsmála við lagningu ljósleiðara á vegum Flóaljóss í Flóahreppi.

Fyrirliggjandi gögn samþykkt með 5 atkvæðum

16. Erindi til sveitarstjórnar frá Árna Hrólfssyni

Lagt fram erindi frá Árna Hrólfssyni þar sem óskað er eftir rökstuðningi fyrir því hvers vegna tilkynna þurfi aðila máls um það ef leitað er upplýsinga um málefni sem tengjast honum.

Sveitarstjóra falið að leita lögfræðilíts.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Einnig er í erindinu ósk um að fundargögn sveitarstjórnarfunda verði birt á heimasíðu sveitarfélagsins með fundargerð sveitarstjórnarfunda. Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og tekur undir það að gott sé að birta gögnin á heimasíðu sveitarfélagsins að loknum sveitarstjórnarfundum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

17. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók.

18. Fundargerðir:

a) **Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 196 dags. 10.01.2018**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) **Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 106, dags. 16.01.2018**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) **Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps nr. dags. 12.01.2018**

Rætt um að leggja þurfi áherslu á að vanda flokkun sorps og brýna fyrir íbúum nauðsyn þess. Sveitarstjóra falið að kanna kostnað við útgáfu á nýjum bæklingi varðandi flokkun og nýtingu sorps.

Samþykkt með 5 atkvæðum

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

d) **Stjórnar byggðasamlags um Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita nr. 48, dags. 11.01.2018**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) **Stjórnar byggðasamlags um Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita nr. 49, dags. 25.01.2018**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) **Fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga nr. 187, dags. 02.02.2018**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) **Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 184, dags. 25.01.2018**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) **Stjórnar SASS nr. 528, dags. 11. og 12. janúar 2018**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 856, dags. 26.01.2018**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

19. Efni til kynningar

a) **Heilbrigðiseftirliti Suðurlands – reglubundið eftirlit, Þjósárver**

b) **Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – upplýsingar í tengslum við breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna**

c) **Frá Loftmyndum ehf – nýtt loftmyndatímabil**

d) **Frá Velferðarvaktinni – um aðgerðir til þess að auka hlutfall nemenda sem ljúka framhaldsskólanámi**

e) **Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvörp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga – 26. og 27. mál á 148. lþ.**

f) **Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi innleiðingu grunnskóla að persónuverndarlögum**

g) **Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til skráðra þátttakenda á Skólapingi sveitarfélaga 6. nóv. 2017 – skýrsla þingsins**

20. Önnur mál.

a) **Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi.**

Lagðar fram reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegnar fasteignaskatts í Flóahreppi sem samþykktar voru af sveitarstjórn Flóahrepps 16. desember 2009. Viðmiðunartölur hafa verið uppfærðar skv. launavísitölu eins og gert er ráð fyrir í 3. grein reglnanna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) **Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps**

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 7. mars klukkan 13:30 í Þingborg.

Árni Eiríksson (sign)
Margrét Jónsdóttir (sign)
Svanhvít Hermannsdóttir (sign)
Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)
Rósa Matthíasdóttir (sign)
Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)